



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjanesbær 18.mars 2024

Minnisblað vegna þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2024-2038

Í kjölfar kynningar okkar fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 13.mars sl. viljum við senda þetta minnisblað sem ítrekar enn frekar okkar helstu áherslur varðandi samgönguáætlun 2024-2038. Minnisblað þetta skal styðja við kynningu sem einnig fylgir hér með.

- **Sjóvarnir í Reykjanesbæ**

Gert er ráð fyrir sjóvörnum í Höfnum sem mikilvægt er að ráðast í til þess að vernda byggð á því svæði. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í sjóvarnir við Ægisdötu sem liggur með strandlengjunni en á því svæði varð mikið tjón í febrúar 2020 eins og sjá má á myndum sem eru í kynningu. Á þessu svæði var ekki land en ákveðið var að ráðast í landfyllingu þar til þess að verja byggðina sem stóð, á þeim tíma, nánast ofan í fjöru. Þessi aðgerð heppnaðist vel því landfylling þessi dregur úr áhrifum ágangs sjávar og þar með tjóni á byggingum sem annars myndu verða þegar sjór gengur upp á land. Landfylling þessi var gerð fyrir rúmlega 20 árum og, að okkar mati, er í dag hluti af landi Reykjanesbæjar og má í því samhengi spyrja sig hvenær landfylling hættir að vera landfylling og verði að landi. Í tilfalli Reykjanesbæjar getum við fullyrt að mun meira tjón hefði orðið á mannvirkjum í gegnum tíðina ef ekki hefði verið ráðist í téða landfyllingu á sínum tíma. Svör sem Reykjanesbær hefur fengið þegar óskað er eftir styrk í að styrkja þessa sjóvörn er að vegagerðin styrkir ekki sjóvarnir við landfyllingu heldur sé styrkur til slíkra framkvæmda hugsaðir til að verja byggð. Rétt er að geta þess að tjón varð á húsum við Hafnargötuna vegna þess að sjór fór í kjallara húsa í umræddu atviki.

- **Reykjanesbrautin**

Mjög fjölfarinn kafli Reykjanesbrautar er frá Fitjum og að Rósaselstorgi þar sem vegurinn er einbreiður ásamt því að á þeim kafla eru fjögur hringtorg ef frá er talið hringtorgið á Fitjum, þau eru einnig einbreið. Reykjanesbær óskað eftir þessum hringtorgum á sínum tíma þar sem mikið var um slys eða óhöpp á T-gatnamótum sem þarna voru. Þau hafa þjónað sínum



tilgangi vel en nú er umferðarfjöldinn orðinn þannig að þau hafa orðið veruleg áhrif á flæði umferðar um þennan götukafli. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í þennan vegakafli á þessari samgönguáætlun heldur nýrri samgönguáætlun 2029-2034. Þegar umferðartölur eru rýndar (árdagsumferð) má sjá að þarna þarf að bregðast við fyrr. Einnig ber að nefna að á þessu svæði eru fyrirhugaðar miklar breytingar bæði í tengslum við K64 verkefni Kadeco og einnig á vegum Isavia með tilkomu svokallaðs Demantahlíðs. Þessu til viðbótar viljum við leggja áherslu á að þessi vegakafli liggur þvert í gegnum Reykjanesbæ og eins og staðan er í dag stíflast þessi kafli gjarnan þegar umferð er mikil bæði eftir Reykjanesbrautinni og einnig til og frá Ásbrúarsvæðinu en þar er komin mun meiri byggð en var og kemur til með að þéttast þarf sem þetta er aðalþéttingarsvæði Reykjanesbæjar næstu árin. Það er því mikilvægt að huga fljótt og vel að hönnun og útfærslu á mismögum gatnamótum og kortleggja hvaða áhrif lokanir á öðrum gatnamótum hefur innan og utan byggðar.

- **Hafnarmannvirki**

Í núverandi samgönguáætlun og í þeim drögum sem liggja fyrir að nýrri samgönguáætlun eru inni fjármunir til endurbóta og uppbyggingar Njarðvíkurhafnar. Lögð er áhersla á að ekki verði hróflað við þeirri ráðstöfun enda framkvæmdin í fullum gangi með áætluð verklok árið 2026. Ástæður þess að dráttur hefur orðið á þessari framkvæmd er að skipulagsmál vegna hennar varð umfangsmeiri en lagt var upp með í byrjun sem seinkaði upphafstíma framkvæmda. Með tilkomu þessarar framkvæmdar skapast möguleikar á aukinni uppbyggingu í tengslum við hafnarsvæði, s.s. hefur Skipasmíðastöð Njarðvíkur hug á að efla starfsemi sína á svæðin með uppbyggingu á nýrri þurrkví á komandi árum. Slík uppbygging er bæði atvinnuskapandi og þjóðhagslega hagkvæm. Einnig stóðu Reykjanesbær, Reykjaneshöfn, dómsmálaráðherra og Landhelgisgæsla saman að viljayfirlýsingu sl. vor þar sem fram kom að stefnt væri að Njarðvíkurhöfn yrði heimahöfn skipaflota gæslunnar í framtíðinni þegar framkvæmdum lyki, en vöntun er á slíkri aðstöðu sem þjónað getur þörfum skipaflotans.



Þjóðvegur í þéttbýli

Vegagerðin hefur ákveðið að fella niður þjóðvegatengingu í þéttbýli sem í áratugi hefur verið til staðar við bæði Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn á grundvelli viðmiðunar um sjávarafla sem eru óraunhæfar. Reykjanesbær leggur áherslu á að þessi ákvörðun verði endurskoðuð og fyrra fyrirkomulag verði látið standa, enda má benda á að í tilfalli beggja þessara hafna er í gangi vinna sem eykur umferð um þær á komandi misserum þó sú umferð tengist ekki lönduðum sjávarafla.

- **Annað**

Almenningssamgöngur

Hér þarf að huga að heildstæðri lausn almenningssamgangna sem þjónar annars vegar sem tenging við flugstöðina bæði fyrir farþega og íbúa hér á svæðinu en ekki síður sem tenging við höfuðborgarsvæðið fyrir sveitarfélögin öll.

Almenningssamgöngur við flugstöðina eru því miður ekki samgöngur sem við getum státað okkur af. Það þarf að huga betur að tengingu við sveitarfélögin í kring þar sem flugstöðin er mjög stór vinnustaður fyrir íbúa á Suðurnesjum og stór hluti í nágrenni flugstöðvar er í dag nýttur sem bílastæði fyrir starfsfólk. Í samgönguáætlun er tíðrætt um bæði almenningssamgöngur og að dregið verði úr kolefnisspori, þrátt fyrir það virðist vanta allan hvata fyrir einstaklinga til þess að draga úr notkun einkabílsins. Til þess að ná árangri í þessum efnum verðum við að hugsa þetta heildstætt og huga vel að tengingum við höfuðborgarsvæðið. Til dæmis má vekja athygli á því hér að ef íbúar vilja nýta almenningssamgöngur á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins og virkan ferðamáta innan svæðis þá er ekki heimilt að ferðast með reiðhjól í almenningsvögnunum sem ganga hér á milli, en það er þó leyfilegt á flestum öðrum leiðum. Fyrir utan það að auka tíðni og bæta við akstri almenningssamganga þarf að tryggja aðkomu þessara samgangna við Flugstöðina eins og þekkist við langflesta alþjóðaflugvelli. Flugstöð Leifs Eiríkssonar er ekki einungis fyrir komu og brottfarafarþegar heldur er þetta langstærsti vinnustaður á Suðurnesjum og þarf að tryggja almenningssamgöngur til og frá honum. Mögulega mætti fækka bílastæðum fyrir starfsmenn til muna við Flugstöðina með betri almenningssamgöngum.



Að lokum má einnig vekja athygli á því að hvatar til þess að fjárfesta í rafbílum og taka þannig virkan þátt í orkuskiptum eru orðnir mjög litlir, sér í lagi ef við horfum til bílaleigubíla. Hér hafa áhrif bæði breytingar á ívilnunum þegar keyptur er nýr rafbíll en einnig kílómetragjald sem getur verið ansi fljótt að telja. Að því sögðu viljum við nefna það að fjölmargir eiga minni og ódýrari rafbíla sem ekki hafa mikla drægni og nota þá eingöngu innanbæjar. Væri þá ekki rétt að hluti áðurnefnds kílómetragjalds rynni til sveitarfélaganna í viðhald gatna?

Eftir eldgosíð sem fór yfir Njarðvíkuræðina í febrúar sl. og þær jarðhræringar sem hafa verið hér á svæðinu undanfarin ár teljum við mikilvægt að minna á að unnið sé að bættu afhendingaröryggi raforku og hringtengingu hér bæði fyrir íbú en ekki síður fyrirtækin hér á svæðinu.

Göngu- og hjólastígar

Mikil vinna hefur verið lögð í göngu- og hjólastíga í Reykjanesbæ undanfarin misseri og viljum við tryggja að þeirri vinnu verði haldið áfram og að stutt verði við tengingar sveitarfélaganna og alla leið að höfuðborgarsvæðinu. Við, sem ferðumst reglulega um Reykjanesbrautina, sjáum oft ferðafólk, gangandi eða hjólandi, á leið sinni til eða frá flugstöðinni og fáum hnút í magann því umferðaröryggi þeirra er lítið sem ekkert. Það er ánægjuefni að sjá að gert er ráð fyrir áframhaldandi stuðningi vegagerðar í slíka stíga en huga þarf að kostnaðarþáttöku sveitarfélaga sér í lagi þau minni sem eru jafnvel með mjög stór landsvæði. Einnig þarf að huga að þeirri lágmarkshönnun sem vegagerð setur til að slík verkefni séu styrkhæf.

Spurningar frá fulltrúum Umhverfis- og samgöngunefndar:

Spurt var út í vetrarþjónustu og hvort væri búið að gera eitthvað til að koma í veg fyrir að atvik sem varð í des 2022 þegar alþjóðaflug lá niðri vegna ófærðar kæmi ekki aftur upp.

GHS: Reykjanesbær hefur haft forgöngu um samvinnu Vegagerðar, ISAVIA og Sveitarfélagsins um samvinnu með vetrarþjónustu ef slíkar aðstæður koma aftur upp. Þá hefur vegagerðin bætt við samningum við verktaka og bætt eigin búnaðar á suðvestursvæðinu. Tryggja þarf að slík samvinna verði virk ef þörf gerist.